

um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—1963.)

1. gr.

Við a-lið 1. gr., svo sem hann er orðaður með lögum nr. 14 4. apríl 1955 og lögum nr. 74 3. des. 1960, bætist svofelldur málsliður:

Enn fremur er heimilt að gefa út nýjan flokk hlutamiða, B-flokk, er tengist við þau númer, sem heimilt er að gefa út samkv. ákvæðum þessa töluliðs.

2. gr.

Við 4. gr. laganna bætist þessi málsliður:

Ráðuneytinu er heimilt að leyfa happdrættinu að taka í sínar hendur útsölu hlutamiða.

3. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað. Eftir að lög þessi hafa öðlazzt gildi, skal gefa lög nr. 44 19. júní 1933, ásamt breytingum, út að nýju.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt að ósk háskólaráðs.

Með lögum nr. 36 23. maí 1959 var happdrættisleyfi Háskólans framlengt til 1. jan. 1974. Lög þessi gerðu allveigamikla breytingu á fyrri lögum um happdrættið, að því er varðar til hverra þarfa megi verja happdrættisfénu. Í þessum lögum er m. a. gert ráð fyrir, að Háskólinn taki að sér viðhald bygginga Háskólans og verji fé til þess að koma á fót og efla rannsóknarstofnanir við hinar ýmsu deildir Háskólans, svo og að greiða andvirði rannsóknar- og kennslutækja, sem Háskólinn telur sér nauðsyn að eignast. Fé til viðhalds háskólabygginga fer mjög vaxandi árlega, og má ætla innan skamms, að ekki þurfi minna en 1—1.5 millj. kr. árlega í þessu skyni. Lóðasvæði Háskólans hafa og stækkað til mikilla muna vegna hinnar rausnarlegu afhendingar Reykjavíkurborgar á lóðum til Háskólans, og kostar garðrækt og umönnun lóða mikið fé. Þá kostar það og stórfé, ef Háskólinn ætti einn að standa straum af því að koma á fót rannsóknarstofnunum við Háskólann samkvæmt þeim áætlunum, sem uppi eru meðal Háskólans manna í þeim efnunum, og enn fer mikið og vaxandi fé í tækjakaup.

Til viðbótar kemur svo það, sem frá upphafi hefur verið megingilgangur happdrættisins, að leggja fram fé til að reisa byggingar í þágu skólans. Sú byggingarstarfsemi er orðin mjög brýn. Nauðsyn ber til að reisa hús fyrir læknaeild, styðja með fjárframlögum byggingu Raunvísindastofnunar Háskólans, sem nú er að hefjast á grundvelli myndarlegrar gjafar Bandaríkjastjórnar, stórauka þarf húsrými fyrir einstakar stofnanir Háskólans, bæði þær sem nú hafa hafið starfsemi og aðrar sem í uppsiglingu eru, bæta þarf aðstöðu kennara til rannsókna og vinnu, og skapa þarf stúdentum stórum hætta aðstöðu til lestrar og ýmiss konar félagslegra iðkana. Þá er þess að gæta, að Náttúrugripasafn er enn til húsa í bráðabirgðahúsnæði. Háskólinn hefur lagt fram um það bil 5 millj. kr. til þess húsnæðis, en sýnilegt er, að sú lausn er engan veginn til langframa.

Fjárbörf Háskólans er því gífurlega mikil, og eykst hún fyrirsjánlega mjög eftir því sem Háskólinn eflir rannsóknarstarfsemi sína, en sú hlýtur þróunin að verða næstu árin. Stjórn happdrættisins og háskólaráð hafa því talið tímabært að taka upp nokkra nýbreytni í starfsemi happdrættisins í því skyni að auka tekjur þess.

Í 1. gr. frv. er lagt til, að heimilað sé að gefa út nýjan flokk happdrættismiða, B-flokk, og verður hann hliðstæður núverandi aðalflokki, sem svo mætti nefna, 1—60 000 (eða 65 000). Um þennan nýja flokk gilda almenn ákvæði happdrættislaganna. Hér er því um heimild að ræða til fjölgunar hlutum, en með nýjum hætti. Sparar hið nýja fyrirkomulag til muna vinnu við drátt o. fl., en er jafnframt mjög aðgengilegt fyrir viðskiptamenn happdrættisins. Eru slíkir hættir tíðkaðir erlendis hjá happdrættum og þykja gefast vel.

Í 2. gr. frumvarpsins er heimilað, að happdrættið sjálft geti tekið í sínar hendur útsölu miða, en slíkrar aðstöðu njóta hin stóru happdrættin, er starfa hér á landi, og virðist engin ástæða til að gera hlut háskólahappdrættisins lakari en þeirra að þessu leyti.

Að öðru leyti þarfnast frv. ekki skýringa.